

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag – samræming við forhönnun Borgarlínu.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 22. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi reits 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, vegna breyttrar legu Borgarlínu um torgsvæði og hjólastíga. Breytingar deiliskipulagsins eru í samræmi við forhönnun Borgarlínu og verkhönnun Hlemmtorgs. Breytingin brýtur ekki í bága við upphafleg markmið deiliskipulagsins og vísar ekki frá grundvallarhönnun torgsins eins og það var upphaflega auglýst og staðfest. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. ágúst 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 27. ágúst 2024